

Drög að kennsluleiðbeiningum/hugmyndum með bókinni Aðgát - námsorðaforði með áherslu á hjúkrun – fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Í öðru pdf skjali sem fylgir kennsluleiðbeiningunum eru orðalistar með öllum námsorðunum. Þar eru þau útskýrð á íslensku eða gefið samheiti, ensk þýðing og loks dæmi um notkun orðsins á íslensku. Mælt er með því að prenta listana út á A3 blöð og hafa uppi á vegg eða töflu í stofunni en ekki ljósrita fyrir hvern og einn nemanda. Það er gott að geta gripið í og vísað í þýðingar, útskýringar og dæmi en best að nemendur reyni fyrst að lesa og þýða sjálfir, hvetja þá til að hjálpast að og spyrja kennara líka. En nemendur geta svo líka farið að listanum og lesa þýðingar/skýringar og glósað hjá sér.

Önnur útgáfa af orðalistanum er fyrir kennara með hugmyndum að umræðuefni í dálki lengst til hægri. Dálkurinn lengst til vinstri sýnir hversu oft orðið kemur fyrir í bókinni og þau sem koma sjaldnast fyrir þarf að skoða fyrir endurbætta útgáfu að endurtaka oftar. Þar sem tíðnidálkur er grænn sést að orðið er á LÍNO-2 orðalistanum

<https://mml.reykjavik.is/2023/05/30/islenskur-namsordafordi/> . Önnur orð hafa verið valin í samráði við kennara í sjúkraliðanámi. Ég mæli með að þeir sem ekki hafa kynnt sér námsorðaforðalistann geri það og grein sem fylgir honum

<https://netla.hi.is/greinar/2023/alm/09.pdf>

Orð sem eru ekki viðeigandi í umönnun*

Fremst í bókinni eru skýringar á merkingum, mikilvægt er að minna nemendur á að **orð sem eru merkt með * á ekki að nota í umönnun**, en það er gott að skilja þau.

Heimavinna/undirbúningur

Kennari metur hversu ítarlega þarf að lesa textana með nemendum og að hve miklu leyti hann setur þeim fyrir að lesa og undirbúa sig heima. Eftir því sem nemendur eru sjálfstæðari við lesturinn gefst meiri tími til umræðna og æfinga. Kennari metur einnig

þörf fyrir beina málfræðikennslu en alltaf er gott við og við að benda á og ræða um t.d. sagnir sem tilheyra reglulegustu flokkunum, a- sagnir og i- sagnir og ef sagnir eru óreglulegar og ráðlegt að leggja á minnið hljóðbreytingar milli nútíðar og þátíðar upp á að þekkja sögnina aftur í þátíð.

Rífa upp grunnatriði málfræði í tengslum við dæmi í textum

Einnig er gott að skoða lýsingarorð og hegðun þeirra í texta og önnur grunnatriði í málnotkun. Alltaf gott að minna á endurtaka og skoða í texta. Nemendur sem eru enn óöruggir í málfræði gætu t.d. haldið skrá yfir allar nýjar sagnir og skráð hverjar tilheyra algengustu beygingarflokkum og hverjar þarf að læra utan að.

Þyngdarstig texta

Þó að textarnir í þessari kennslubók séu styttri og einfaldari en í námsbókum í sjúkraliðanámi og ætlunin að þeir séu ekki að vera þyngri en á B2 þá geta einhverjir þeirra reynst í þyngra lagi. Þá er þarft að fara nákvæmlega yfir textann með hópnum. Nemendur geta jafnvel byrjað að lesa þunga texta saman í hóp og merkja þá með grænu það sem allir skilja, gulu það sem bara sumir/eða einn skilur og geta útskýrt fyrir hinum og bleikt það sem enginn í hópnum skilur. Því næst geta nemendur leitað aðstoðar frá öðrum hópum. Í lokin getur kennari farið yfir með öllum hvort allir hópar eru komnir með skilning á öllu í textanum. Hvetja til þess að hvíla símann og google translate. Nota orðabækur, hjálpast að, spyrja kennara. Mikilvægt er að gæta þess samt að allur tíminn fari ekki í að kennari standi uppi á töflu og útskýri texta og orð. Ef það stefnir í það er mikilvægt að nemendur undirbúi sig betur heima og/eða kennari velji úr texta sem hann telur henta sínum nemendahópi best, eða skipta textum milli nemendahópa og þeir útskýri hver fyrir öðrum.

Mikilvægt að muna

Tungumála-/Íslenskukennari sem kennir þetta námsefni þarf alltaf að hafa í huga að hann er að kenna skilning á orðum og hugtökum að því marki sem orðabókaskýringar og almenn þekking nær og þjálfar notkun orðaforðans. Minna þarf nemendur á ef þeir vilja fara að spyrja of náði út í hjúkrun og vinnureglur á heilbrigðisstofnunum að það er hluti af því sem þeir læra í sínu sérhæfða sjúkraliðanámi eða á vinnustað, þetta er námsefni til íslenskukennslu. Það að allt efnið tengist umönnun, hjúkrun og heilsu gefur tækifæri á mikilli endurtekningu til að styrkja orðaforðann sérstaklega á þessu sviði.

Gott er að taka fram í byrjun að nemendur mega alltaf búa til svör ef þeir vilja ekki deila persónulegri reynslu í verkefnum af þessu tagi.

Hér koma fyrst dæmi um æfingar/verkefni sem getur verið gott að nota reglulega, sem uppbrot og til endurtekningar. Hver kennari metur hvað hentar hans hópi.



Sóknarskrift

Velja orð eða texta til að æfa sóknarskrift.

Hengja orðalista eða texta upp á mismunandi stað í stofunni og nemendur ganga á milli og fara svo að sínu borði og reyna að skrifa rétt upp á blað. Kennari fer yfir/sýnir réttan rithátt í lokin svo nemendur geti leiðrétt hjá sér.

Einnig hægt að hafa þetta sem keppni, hvað nærðu að muna og skrifa mörg orð niður.

Gott er að eiga t.d. útprent af öllum flokkum af Myndabókinni sem tengjast heilsu og heilbrigðisþjónustu (líkamshlutar, geðslag þar með talið). Hægt að hengja upp af og til og æfa stafsetningu.

(<https://nybildetema.oslomet.no/is/?fbclid=IwAR0qk3NMyASkVpFmj58e2WjhcqnFuBxcWPYHm-vg6N1a4M4FpZl5ZMlD9oc#/isl/manneskjur-og-likami>)



Endurtekningar og dæmi

Alltaf hægt að fara í endurtekningaræfingar og gefa fleiri dæmi.

Gott að æfa endurtekningu á orðalagi sem verið er að vinna með t.d. þágufall **mér er illt** í maganum, höfðinu, eyranu, bakinu.

Hægt að grípa ef einhver „villa“ er algeng og leiðrétt með því að endurtaka það rétta t.d. ég skal tala **við** hann (ekki með),

hún er að **fara heim** (ekki í heima),

ég kom til **Íslands**... (ekki Íslandi),

Í **gær fór** ég í sund (ekki í gær **ég fór** í sund).

Endurtaka frasa/setningar bæði munnlega og skriflega.



Samtöl

Grípa efni sem hentar vel til að skiptast á skoðunum á eða deila reynslu af, nemendur geta byrjað á að skrifa punkta um umræðuefni, talað svo 2-3 saman og svo sagt öllum hópnun frá umræðunum. Á bls. 31 eru dæmi um byrjun á spurningum sem hægt er að láta nemendur æfa sig að botna, setja byrjunina á miða og láta þau draga og botna svo. Á bls. 32 eru setningar sem skjólstæðingar gætu sagt, hægt væri að láta nemendur æfa sig með því að draga setningu frá skjólstæðingi og lesa upp og svo á annar nemandi að svara á viðeigandi hátt. Fara þá áður yfir möguleg svör. Þetta má æfa eins oft og kennari telur þörf á og hægt að nota sem uppbrot og grípa í af og til.



Hlustun

Á vef og facebook síðu Sjúkraliðafélagsins eru fjölmörg myndbönd með viðtölum við sjúkraliða eða kynningum á starfinu.

<https://www.slfi.is/kynningarefni/kynning-a-sjukralidanami>

<https://www.facebook.com/sjukralidar/reels/>

-Hægt er að setja nemendum fyrir að hlusta heima og svara spurningum eða taka tíma í kennslustund og hlusta og spjalla svo um efnið.

-Einnig eru fjölmörg myndbönd til á vegum Landspítalans sem hægt er að nota í sama tilgangi. <https://www.youtube.com/@Landspitalinn>



Spurðu þrjá. Þegar unnið er með nýjan orðaforða er tilbreyting að nota

þessa útfærslu: Nemendur athuga hvaða orð þeir kunna og hver ekki. Þeir spyrja svo aðra nemendur (allt að þrjá) hvort þeir geti útskýrt orð, ef enginn nemandi kann orðið má spyrja kennara.



Gúgla dæmi um notkun orða

Skoða á skjá orð sem verið er að læra og sjá dæmi um notkun þeirra í fjölmiðlum. Gott að vera búinn að undirbúa og finna dæmin fyrirfram. Eða biðja nemendur að leita.

Dæmi á næstu síðu:

Viðbragðsaðili:

<https://www.visir.is/g/2016160609494/madurin>
n-med-medvitund-thegar-vidbragdsadilar-
komu-a-stadinn

Maðurinn með meðvitund þegar viðbragðsaðilar komu á staðinn

Sumna Kristín Hilmarisdóttir skrifar · 4. júní 2016 18:26



Þyrla Landhelgisgæslunnar hefur verið kölluð út vegna vélisbrotis.

VISIR/ANTON

Uppfært klukkan 19:02: Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurlandi er þyrla Landhelgisgæslunnar nú á leiðinni með vélsléðamanninn á slysaðeild Landspítalans. Var maðurinn með meðvitund þegar viðbragðsaðilar komu á staðinn og virtist hann ekki mikið slasaður við fyrstu sýn. Ekkert er vitað enn sem komið er um tildrög slyssins en að því er fram kemur á RÚV féll maðurinn um 20 metra á sleðanum ofan í Jökulgil.

Amstur:

[https://www.visir.is/g/20252794143d/nyr-islenskur-](https://www.visir.is/g/20252794143d/nyr-islenskur-tolvuleikur-um-lifsgaedakapphlaupid)
tolvuleikur-um-lifsgaedakapphlaupid

Nýr íslenskur tölvuleikur um lifsgæðakapphlaupið

Magnús Jochum Pálsson skrifar · 24. október 2025 13:36



Tu starfsmenn Porcelain Fortress og skjaskot ur Walk of Life.

Íslenska leikjafyrirtækið Porcelain Fortress gefur í dag út annan leik sinn, Walk of Life, á tölvuleikjaveitunni Steam. Spilarar leiksins þurfa að taka þátt í farsakenndu lifsgæðakapphlaupi hver við annan.

Glíma við- gefur óteljandi niðurstöður, mjög mikið notað.

Að hverju ertu að leita?

Glíma við

Veldu dagsetningu

Allar niðurstöður · Fréttir · Vísindi · Sport · Lífið · Skólinn · Innviðir

8018 niðurstöður · Ræða eftir · Njóst fyrst

18.12.2025 - UMVEGAN

Framvinda fimm kerfislægra breytinga gæti umbreytt heimshagkerfinu

... efnahagsþrýsting og kynda undir félksflutningum á þeim tíma þegar hnattræn kerfi eru þegar að glíma

17.12.2025 - INNLENT

Telja brotið gegn réttindum barna og ihuga málaferli

... þeir hafi leitað í svokallað MST-úræði Barna- og fjölskyldustofu fyrir börn sem glíma

17.12.2025 - SKOÐUN

Bréfið sem aldrei var skrifað

... það er orðið dagleg viðfangsefni í starfi okkar á geðdeildum að glíma

<https://www.visir.is/g/20252817824d/vistuni> n-se-kerfisbundid-brot-a-mannrettindum

Félag bráðalækna bætist í hópin með Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Læknafélagi Íslands sem hafa einnig gagnrýnt ráðstöfunina.



Aðstæður bágbornar á spítalanum til að mæta svo miklu álagi - Visir

Rúnólfur Pálsson forstjóri Landspítalans segir aðstæður á spítalanum afar bágbornar til að takast á við þann fjölda sem þengast íslær núna vegna influensu. Auk þess séu um hundrad manns með samþykkt helisu- og færimmat á spítalanum sem búið þess að komast á...

Visir.is

„Það er orðið daglegt viðfangsefni í starfi okkar á bráðamóttöku að glíma við öryggisögnir í tengslum við alvarlegt plásslæysi. Þrátt fyrir það er mikilvægt að undirstrika með skýrri að slíkar aðstæður geta aldrei talist eðlilegar á neinn hátt og eru alltaf óréttlátanleg brot á grundvallarréttindum sjúklunga,“ segir í yfirlýsingunni.

Unnur Ósk Stefánsdóttir, formaður Félags bráðalækna segist hafa verið tilneydd til að tjá sig um málið eftir vistun sjúklunga í bílskúrnun fyrir helgi. Staðan hafi lengi verið afar slæm en hún náð nýjum hápunkti.



Hópverkefni.

Með hverjum kafla eru hugmyndir að hópverkefnum. Kennari metur hvað hæfir hans nemendahóp og hversu mikill tími er til ráðstöfunar. Hægt er að vinna flóknari verkefni ef efnið er kennt á 2 þrepi (skv. aðalnámskrá framhaldsskóla) (B2, stig 5+ fullorðinsfræðsla) en halda sig við einfaldari útgáfur og meiri stýringu ef efnið er kennt á 1 þrepi (B1, stig 5 fullorðinsfræðsla).

Hugmyndir að fleiri verkefnum sem unnin eru í tengslum við þetta efni og heppnast vel eru vel þegnar á hgg@fb.is ef leyfilegt er að bæta þeim við hér.



Ritun og ítarefni

Hægt er að vinna ýmiskonar ritunarverkefni sem einstaklings eða hópaverkefni og hægt að nýta texta frá Sjúkraliðafélagi Íslands, Landspítala og fleiri opinberum aðilum sérstaklega fyrir lengra komna nemendur.

Ef það er hluti af markmiðum áfangans að nemendur skrifi ritgerð væri einnig hægt að nota kafla 7 í bókinni Aðgát ef ritgerðarefni væri einfalt t.d. um það hvað sjúkraliðar gera og af hverju nemandinn hefur áhuga á starfinu. Hægt að bæta við t.d. einni valinni grein úr Sjúkraliðanum <https://www.slfi.is/timaritid-sjukralidinn>.

Á vefsíðunni Áfram íslenska eru útskýringar og kennsla í heimildaritgerðaskrifum og APA kerfinu. [Aframíslenska](#)

Fyrir lengra komna nemendur (á B2) er hægt að nota ýmiskonar ítarefni t.d. í hópavinnu, verkefni og ritgerðir t.d. af vef heimsmarkmiðanna [Markmið 3 - Heilsa og vellíðan - Mælikvarðar fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun](#)

Heilsuveru: <https://www.heilsuvera.is/>

Kaflí 1

Umræður út frá spurningum á bls. 8 þar sem nemendur eru búnir að svara úr texta á bls. 6, 7 og 8.

-hefur þú reynslu af heilbrigðiskerfinu sem starfsmaður eða þurft að nota það?

-hver er meðalaldur í ýmsum löndum heimsins?

-af hverju er ekki alltaf viðeigandi að nota nöfn þegar talað eru um persónuleg mál skjólstæðinga. Gott að ræða um persónuvernd og í mörgum störfum er fólk bundið trúnaði. Þá þarf að vera hægt að vísa til einstaklings með öðrum orðum eins og t.d. viðkomandi, aðili, íbúi, þegar málefni einstaklinga eru rædd af faglegum ástæðum.

Umræður – um dauðann

Á bls. 9 er erindi úr Hávamálum í texta um dauðann. Ekki er meiningin að lesa það nákvæmlega og skilja heldur eingöngu til að sýna dæmi um þennan forna kveðskap og að dauðinn og hugsanir og tilfinningar tengdar honum er dæmi um viðfangsefni sem hefur fylgt mannum alla tíð. Orðin Deyr og deyja eru endurtekin í erindinu og fyrst og fremst þau sem gert er ráð fyrir að nemendur þekki. Mögulega langar einhvern í hópnum að vita meira um Hávamál og hægt að finna margt um þau á netinu bæði á íslensku og ensku og e.t.v. fleiri tungumálum. Hægt að ræða stuttlega um viðhorf til dauðans meðal þjóða, líkt/ólíkt?

Sjá fleiri hugmyndir að umræðuefnum í orðalista með kafla 1. Dálkur lengst til hægri hugmyndir að umræðuefni út frá námsorðum. Slíkar hugmyndir eru með orðalista í öllum köflum.

Hugmyndir að hópverkefnum

1) Prenta út efni af vefsíðum nokkurra hjúkrunarheimila (undir Um... eða markmið). Fá nemendur í hópum til að bera saman upplýsingar á heimasíðum nokkurra hjúkrunarheimili. Er mikill munur á eða mjög svipaðar upplýsingar sem koma fram?

<https://island.is/hjukrunarheimili-eldra-folks>

Hver hópur getur verið með 2-3 dæmi og hópar svo kynnt og borið saman niðurstöður.

2) Í kafla 1 eru orðin heilbrigðisstofnun, heilsugæsla, hjúkrunarheimili og spítali/sjúkrahús. Hægt er að vinna hópaverkefni þessu tengt. Hafa t.d. Íslandskort með útlínum og láta nemendur í sameiningu merkja inn á hvar heilbrigðisstofnanir eru staðsettar og hversu stórum svæðum þær sinna, e.t.v. finna fólksfjöldann sem hver stofnun sinnir. Það er líka hægt að safna inn á kortið smám saman yfir önnina.

Heilbrigðisstofnanir: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/velferdarraduneyti/nr/22170>

Fyrir lengra komna nemendur (2. þrep) væri hægt að bera saman fyrsta stigs, annars stigs og þriðja stigs þjónustu, meiri sérhæfing með hækkandi stigi og hvaða stofnanir sinna þjónustu á hvaða stigi. Hver hópur getur greint frá ákveðnu þjónustustigi og nefnt dæmi um stofnanir sem sinna þjónustu á því stigi:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/lif-og-heilsa/heilbrigdismal/heilbrigdisumdaemi/>

Einfaldara verkefni væri að skoða hvar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu eru staðsettar og setja upp myndrænt yfirlit yfir það sbr. verkefni 1.

Eftirfarandi fréttir fylgja með fyrirsögnunum “að ganga örna sinna “ í kafla 1 á bls. 11.

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/06/20/gekk_orna_sinna_rett_hja_salerni/

Innlent | Morgunblaðið | 20.6.2018 | 5:30 | Uppfært 9:06

Ferðamaður gekk örna sinna rétt hjá salerni



Dóra Sigurðarsóttir, bóndi að Vatnsdalshólum.



Morgunblaðið

Veronika Steinunn
Magnúsdóttir
veronika@mbl.is

Enn virðist vera algengt að ferðamenn gangi örna sinna á almannafæri. Dóra Sigurðardóttir, bóndi á Vatnsdalshólum í Vatnsdal, Austur-Húnavatnssýslu, kom að ferðamanni, konu, að ganga örna sinna á túni skammt frá bæ Dóru á dögnum.

„Þetta gekk það mikið fram af mér að ég keyrði að henni og talaði við hana. Ég sagði henni að mér þætti þetta ekki kurteisileg framkoma við land mitt og fór svo.“ Dóra benti einnig konunni á að það væri salernisaðstaða 100 metrum frá, við Ólafslund. Konan brást ekki vel við, að sögn Dóru, og sagði henni að fara.

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/07/17/gekk_orna_sinna_og_kveikti_i_sinu/

Innlent | mbl | 17.7.2015 | 12:19

Gekk örna sinna og kveikti í sinu



Unnið að því að slökkva í sinueldinum sem kviknaði. [mbl.is/Lögrel](https://www.mbl.is/Lögrel) Unnið að því að slökkva í sinueldinum sem kviknaði.



Setja bókamerki

Erlendur hjólreiðamaður kveikti í salernispappír eftir að hafa gengið örna sinna út í hrauninu neðan við Bifröst í Norðurárdal með þeim afleiðingum að það kviknaði í þurru mosanum í hrauninu. Hann tæmdi úr vatnsflösku sem hann var með en það dugði ekki til og því var kallað á slökkviliðið sem mætti og slökkti glæðurnar í mosanum.

Lögreglan á Vesturlandi vill beina því til ferðamanna að fara varlega með allan eld því gróður er sérstaklega þurr í Borgarfirði þessa dagana.

Tengdar fréttir

<https://www.ruv.is/frettir/innlent/2020-05-18-gongufolk-getur-nu-gengid-orna-sinna-vid-esjuna>

Göngufólk getur nú gengið örna sinna við Esjuna

Sólveig Klara Ragnarsdóttir
18. maí 2020 kl. 14:37



A A A

⚠️ Þessi færsla er meira en 5 ára gömul



Reykjavíkurborg

Þremur salernum hefur verið komið fyrir hjá Mógilsá við upphaf gönguleiðarinnar á Esjuna. Næstu daga á að tengja salernishúsið við lagnir og ganga frá umhverfi þess. Gert er ráð fyrir að salernin verði opnuð í næsta mánuði. Áætlaður kostnaður við verkið, sem er a vegum Reykjavíkurborgar, er 35-40 milljónir króna að sögn fulltrúa borgarinnar.

Kaflí 2

Sjá einnig dálkinn lengst til hægri í orðalistanum þar eru hugmyndir að fleiri hugleiðingum/umræðum/

Hugmyndir að hópverkefnum

-Hægt að vinna hópverkefni út frá spurningum og verkefni um upplýsingaóreiðu í heilsugeiranum á bls. 19.

-Skoða t.d. auglýsingar og markmiðið að rýna í hversu trúverðugar þær eru. Skoða til hvaða markhópa þeim er beint, skoða orðalag, stíl og myndmál. Ræða um hvaða auglýsingum er haldið að einstaklingum á ólíkum aldri á netinu. Hægt að velja og prenta út nokkur dæmi eða skoða saman á vefsíðum.

-Markmið einnig að nemendur kynnist **Heilsuveru** sem Embætti landlæknis, Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu og Landspítali standa að <https://www.heilsuvera.is/> . Opinberar ráðleggingar og upplýsingar um heilsu og aðgangur að heilbrigðisþjónustu.

-Aðrar vefsíður sem benda mætti á eru vefsíða Embættis landlæknis, t.d. ráðleggingar um mataræði <https://island.is/naering-radleggingar-landlaeknis> og aðrar vefsíður þar sem skýrt kemur fram hvaðan upplýsingar koma, þ.e.a.s. á hverju þær byggja, hvaða rannsóknir, heimildir er vísað í?

-Ræða um að taka þarf með fyrirvara upplýsingum þar sem verið er að selja þjónustu og vöru. Þekkja bakgrunn þeirra sem maður þiggur ráðleggingar frá um heilsutengd málefni. Vera **gagnrýnn** á upplýsingar. Þetta vita flestir nemendur gott að þau dragi þetta fram sjálf og sýni dæmi.

-Orð/orðasambönd sem gaman er að skoða leitarniðurstöður fyrir, skoða í hvaða samhengi þau eru notuð, að *glíma við* er eitt þeirra, dæmi af Vísi:

Að hverju ertu að leita?

glíma við

Veldu dagsetningu

Allar niðurstöður Fréttir Viðskipti Sport Lífið Skoðun Innherji

8034 niðurstöður Raða eftir: Nýjast fyrst ▼

30.12.2025 - SPORT

Jafnaði sig af heilaskurðaðgerð og mætir Littler á afmælisdaginn

... og maður nær að snúa við 3-1 stöðu þá leyfir maður sér að fagna... Ég hef verið að **glíma**

30.12.2025 - VIÐSKIPTI INNLENT

„Hvernig eigum við unglingar að geta keypt okkur fasteign í framtíðinni?“

... þarftu að eyða talsverðum fjárhæðum í nauðsynjar, millilenda á leigumarkaði eða **glíma**

29.12.2025 - SKOÐUN

Landhelgisgæslan er óábyrg

... lykklhlutverki í þjónustu við landsmenn, á sama tíma og önnur brýn samfélagsverkefni **glíma**

28.12.2025 - INNLENT

„Rúllandi rafmagnsleysi“ alla daga og tífaldur þungi í árásum

... Íbúar Úkraínu **glíma** við nær daglegt rafmagnsleysi og svefnfriður er jafnan lítill þegar hvað mest lætur

28.12.2025 - INNLENT

Margfaldur þungi í loftárásum og kyntákn kveður

Kaflí 3 og 6

um samskipti við skjólstæðinga eða samskipti starfsstétta.

-Hlutverkaleikir – senur, æfa samtöl.

-Ef skólinn er með samskiptasáttmála eða samskiptareglur er gott að nota það eða nota samskiptasáttmála sem eru aðgengilegir á vef t.d. frá Landspítala. (Þetta verkefni getur líka átt við í kafla 5 þar sem talað er um vinnustaðamenningu)

Vinna hópaverkefni út frá því, hver eru aðalatriði sáttmálans.

Er eitthvað sem kom á óvart?

Er eitthvað sem þér finnst erfitt að fara eftir? Hvað á að gera ef maður upplifir að aðrir séu ekki að virða hann.

-Hægt að setja upp dæmisögur og æfa samskipti.

Hægt að skila munnlegum niðurstöðum eða skriflegum, vinna veggspjöld eða kynningar.

-Önnur leið er að kennari kynnir aðalatriðin í völdum samskiptasáttmála fyrir nemendum og þeir skrifa svo niður punkta fyrir sig sjálf, segja sessunaut frá og svo stærri hóp. Hentar betur ef tíminn er knappur.

Með kafla 3 eða við lok áfangans gætu nemendur tekið viðtöl hver við annan eða einstaklinga utan hópsins og skráð lífssögu- þeir geta auðvitað spunnið upp svör, þurfa ekki að svara um persónulega hagi frekar en þeir óska. Hér er dæmi um eyðublað fyrir lífssögu en kennari gæti stytt þetta og einfaldað eftir því sem hentar hópnum. [Seiglan, þjónustumiðstöð Alzheimer samtakanna](#)

Nokkur grunnatriði um íslenska málfræði.

-Á bls. 35 eru nokkrar spurningar sem snúa að grunnatriðum um íslenska málfræði. Þetta má nota fyrr á námskeiðin ef kennari telur að málfræðigrunnur einhverra í hópnum sé ekki sterkur. Það er gott að kanna hvort allir nemendur hafi þetta á valdi sínu, ef þetta er eitthvað sem nemendum finnst mjög snúið er e.t.v. þörf á að benda á leiðir til að þjálfra grunnatriði málfræðinnar. Skoða t.d. ylhyra.is eða Icelandic online eða málfræðibækur fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Vonandi geta nemendur svarað þessu og finna að þeir hafa einhverja yfirsýn yfir málfræðina. Þetta getur verið mjög þarft því það er mismunandi hvaða leið nemendur hafa farið í íslenskunáminu og ef kennari metur að mikið vanti upp á málfræðina er nauðsynlegt að aðstoða nemendur við að treysta þann grunn. Ekki til að prófa úr málfræðiatríðunum heldur að gera þau öruggari málnotendur og bæta lesskilning og ritunarfærni.

-Í svörunum er gert ráð fyrir að þau telji einfaldlega upp kynin, kk, kvk, hk.

Föllin fjögur; nf. þf. þgf. ef.

Þekki að það eru sagnorð og forsetningar sem stýra falli á öðrum orðum.

Þekki ákveðna greininn og að notkun hans samsvarar The í ensku.

Geti fallbeygt orð sem eru í algengustu beygingarflokkum og þekki algengustu beygingarendingar nafnorða.

Kafli 4

-Ræða um mismunandi námsaðferðir, glósutækni, hvaða reynslu hafa nemendur, hvað hefur reynst vel?

-Skoða dæmi um námsefni úr sjúkraliðanáminu t.d. úr Hjúkrun 1, nemendur sjái hverskonar textar og verkefni er gert ráð fyrir að ráða við.

-Hér væri tilvalið ef tækifæri er til að hafa fá hjúkrunar-/sjúkraliðakennara í heimsókn til að svara spurningum um námið. Hægt að fá gestinn á Teams/Zoom fund ef ekki eru tök á að vera á staðnum.

-Hægt væri að vinna hópverkefni eða einhvers konar verkefni um orðhluta og samsett orð, skoða algengustu forskeyti og viðskeyti og fá nemendur til að safna dæmum. Einnig löng samsett orð sem þeir þekkja.

Nokkrar greinar þar sem þetta viðfangsefni kemur fyrir:

<https://eirikur.hi.is/vidsk.pdf>

<https://uni.hi.is/eirikur/2021/01/27/gerdir-samsettra-orda/>

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=3894>

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=6141>

Kaflí 5 um auglýsingar og atvinnuviðtöl

-Stutt uppbrot: Leita að og skoða atvinnuauglýsingar á Starfatorgi og víðar.

Nemendur velji eina auglýsingu og lýsi því hvaða hugmynd þeir fá um starfið við að lesa auglýsinguna, virðist það spennandi, hvað er líklegt að það feli í sér? Hvaða spurningar vakna, hvað vildi nemandinn fá meiri upplýsingar um ef hann færi í atvinnuviðtal um starfið.

-Lengra uppbrot: Velja auglýsingu og æfa atvinnuviðtöl út frá henni, nemendur skipta um hlutverk að vera vinnuveitandi eða umsækjandi. Einnig hægt að prenta nokkrar út og nemendur draga. Fer eftir nemendahóp hversu mikið þarf að undirbúa verkefnið. Geta þeir sjálfir fundið og valið auglýsingar eða vill kennari gera það sjálfur.

Kaflí 6 um samvinnu og samskipti við aðrar starfsstéttir

-(sjá kaflí 3) og dálk lengst til hægri í orðalista.

Kaflí 7 um fjölbreytt störf sjúkraliða.

-Hópverkefni eða umræðu í kafla 7 gæti snúist um að nemendur lýstu því á hverskonar vinnustað af þeim sem þar eru taldir upp í kaflanum þeir hafa helst áhuga á að vinna og útskýri af hverju.

-Þar sem orðið Lög og reglugerð eru kynnt er tækifæri til að segja stuttlega frá grundvallarstjórnskipan Íslands. Hvar lög eru sett og hvernig fulltrúar eru kjörnir á þing, hverjir hafa kosningarrétt o.s.frv. Hægt að nota efni af Ungmennavef Alþingis <https://www.ungmennavefur.is/> eða Auðlesið af vef

Skólaþings <https://www.skolathing.is/gagnlegt-ad-vita/audlesid-um-althingi/> (ef áhugi er fyrir hendi). Sýna fólki hvar gildandi lög er að finna í Lagasafni <https://www.althingi.is/lagasafn/> og svo segja frá reglugerðum sem er nánari útfærsla á lögum, sbr. dæmi í bókinni á bls. 66

Ritgerð?

-Ef vinna á ritgerð í áfanganum er kjörið að nota textana í þessum kafla og láta nemendur æfa að nýta heimildir og vísa í heimild, ritgerðarefnið gæti þá verið t.d. af hverju nemandinn hefur áhuga á sjúkraliðastarfinu. 4-500 orða ritgerð sem er undirbúin og skrifuð í tíma. Kynna þá og sýna það heimildaskráningarkerfi sem á að nota.

Dæmi um uppbyggingu ritgerðar um þetta efni:

Inngangur

Efnisgrein 1 (um sjúkraliðastarfið- nota texta úr bókinni sem heimild eða annan afmarkaðan stuttan útprentaðan texta sem kennari velur).

Efnisgrein 2 (af hverju hef ég áhuga á sjúkraliðastarfinu)

Lokaorð

Heimildaskrá: Skrái 1-2 heimildir sem voru notaðar.

-Benda nemendum á yfirllestur á netinu þegar þeir eru að ganga frá textum í verkefnum, sýna og æfa notkun; <https://ritun.arnastofnun.is/> og <https://malstadur.mideind.is/malfridur>.

Sama með alla gervigreind nýta hana sem aðstoð og við yfirllestur.